

ANTIKA EHF 2021

Fornleifaskráning vegna íbúðalóða í landi Eyrarkots í Kjós

Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir





Kort 1 Staðsetning skráningarsvæðisins

Forsíðumynd: Hestaþinghóll

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-03-1

Hermann Jakob Hjartarson tók ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram

@ Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fyrri rannsóknir	5
Skráningarsvæðið	5
Tilgangur fornleifaskráningar	6
Fornleifaskráning og aðferðir	9
Jarðarnúmer	9
Tegund, hlutverk og heiti	9
Staðsetning	9
Staðhættir og lýsing	10
Hættumat	10
Mótvægisáðgerðir	10
Fornleifar	11
Hestaþinghóll [656]	12
Blómsturvellir [657]	12
Girðingastæði - óþekkt [658] hleðsla	14
Samantekt og niðurstöður	15
Heimildir	16

Kortayfirlit

Kort 1 Staðsetning skráningarsvæðisins	1
Kort 2 Skipulagssvæðið (kort fengið úr deiliskipulagi íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots)	5
Kort 3 Uppmæld mannvirki á skráningarsvæðinu	11
Kort 4 Uppmæling á tóftum Blómsturvalla [657]	13

Myndayfirlit

Mynd 1 Hestaþinghóll [656], mynd tekin til norðurs.....	12
Mynd 2 Hestaþinghóll [656], mynd tekin til vesturs	12
Mynd 3 Nyrðra rýmið í austurenda Blómsturvalla [657], mynd tekin í austur.....	14
Mynd 4 Blómsturvellir [657], mynd tekin til suðurs	14
Mynd 5 Hleðsla [658], mynd tekin til suðausturs	14
Mynd 6 Hleðsla [658], mynd tekin til austurs.....	14

Inngangur

Að beiðni Sigurbjarnar Hjaltasonar á Kiðafelli og eiganda Eyrarkots, tóku Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir fyrir hönd Antikva ehf., að sér fornleifaskráningu á lóðunum vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda.

Skipulagsreitirnir eru staðsettir í landi Eyrarkots, norðan við Þjóðveg 47 og að sjó og Hvalfjarðareyri. Til vesturs nær svæðið að landamörkum við Eyri og í austri afmarkast það af Bolaklettsvegi. Skipulagssvæðið er 20 ha og eru fyrirhugaðar 6 íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðavarp, smábátahöfn og fræðslu- og fuglaskoðunarskáli¹.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimilda- og vettvangskönnun. Skýrsluhöfundar sáu um vinnuna.


Þær minjar sem eru á svæðinu eru leifar af bænum Blómsturvellir, ein óljós hleðsla og Hestaþinghóll.

¹ Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots

Fyrri rannsóknir

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu og var hún gefin út í skýrslu undir nafninu Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I sem unnin var af fornleifafræðingum á Fornleifastofnun Íslands árið 2008.² Árið 2008 voru mælingatæki ekki jafn nákvæm og í dag og stenst skráningin því ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru núna. Ekki fundust fleiri fornleifar í skráningunni sem fram fór árið 2021 en þær sem þegar voru skráðar.

Skráningarsvæðið



Kort 2 Skipulagssvæðið (kort fengið úr deiliskipulagi íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots)

Skipulagsreitirnir eru staðsettir í landi Eyrarkots, norðan við Þjóðveg 47 og að sjó og Hvalfjarðareyri. Til vesturs nær svæðið að landamörkum við Eyri og í austri afmarkast það af Bolaklettsvegi. Skipulagssvæðið er 20 ha og eru fyrirhugaðar 6 íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðavarp, smábátahöfn og fræðslu- og fuglaskoðunarskáli.³

Austurhluti svæðisins er mólendi fyrir utan trjáræktarsvæði sem er alveg austast. Vesturhluti svæðisins einkennist af sléttuðum túnnum. Nyrst á svæðinu er fjara.

² Ásta Hermannsdóttir et al. 2008.

³ Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal samkvæmt 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Varmá eða Helgafell. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Blómsturvellir býli [657]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „Þingstaður [656]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu. Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Blómsturvellir, er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis kirkja eða kálgarður.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru það engar fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hætta	Hættusök	Friðað	Ástand
1	Hestaþinghóll	Hóll	Þingstaður	Engin		Já	Vel greinanleg
2	Blómsturvellir	Tóft	Býli	Lítill	Framkvæmdir	Já	Ill-greinanleg
3		Hleðsla	(Hestagirðing)	Lítill	Framkvæmdir	Já	Ill-greinanleg



Kort 3 Uppmæld mannvirki á skráningarsvæðinu

Hestaþinghóll [656]

Í örnefnaskrá segir: „Austarlega upp af Ósunum niður við þá er einstakur hóll, sem heitir Hestaþingshóll. Bendir þetta örnefni á, að þarna á eyrinni hafi verið höfð hestaöt til forna“⁴

Um er að ræða hól sem er 75x60 metrar að stærð og sennilega um 10 metra hár. Hóllinn er grasi gróinn, hægt er að ganga upp á hann að sunnanverðu en erfitt er að ganga hann að norðan. Lækur rennur fyrir austan hólinn. Ekki sjást neinar tóftir eða önnur mannvirki í eða við hólinn. Nafn hólins gefur til kynna að hestaþing voru haldin í nágrenninu. Hóllinn hefur mögulega verið notaður sem áhorfendastæði til að fylgjast með hestaötum, sem sennilega hafa farið fram á Hvalfjarðareyri (sem er utan skipulagssvæðisins), en hestaþing voru oft á sléttum eyrum eða flötum. Einnig er mögulegt að hóllinn sé kennileiti með táknræna merkingu, en til eru fleiri hólur á landinu með svipuð örnefni.⁵



Mynd 1 Hestaþinghóll [656], mynd tekin til norðurs



Mynd 2 Hestaþinghóll [656], mynd tekin til vesturs

Blómsturvellir [657]

Í örnefnaskrá segir: „Milli Hólmahjalla og Búðarhöfuðs eru lág sker, sem heita Flúðir. Þá er hér lítil vík inn, sem heitir Snorravík, og upp af því er gamla býlið Blómsturvellir.“⁶ Í Jarðabók

⁴ Örnefnaskrá: Eyri og Eyrarkot.

⁵ Birna Lárusdóttir, 2011, bls. 350-351.

⁶ Örnefnaskrá: Eyri og Eyrarkot.

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir að bærinn hefi verið hjáleiga frá Eyri, þar segir meðal annars: „Þriðja býli af parti lögmannsins, hjáleigan Blómsturveller bygð í fyrstu úr stekkjarsæði fyrir vii árum.“⁷



Kort 4 Uppmæling á tóftum Blómsturvalla [657]

Tóftin liggur í þýfðu landi í um 40 metra fjarlægð frá fjörunni. Tveir lækir renna sitt hvoru megin við tóftina. Þegar hún var skráð var mikill grasgróður og var tóftin fremur illgreinanleg. Þrjú rými eru greinanleg, eitt í vesturhluta tóftarinnar og tvö í austurhluta hennar. Inngangur í vestasta rýmið er í norður og þá virðist ennig vera inngangur í austurenda tóftarinnar. Svo virðist sem að innangengt hafi verið á milli rýmanna tveggja í austurhlutanum. Veggir eru um 0,2-0,5 metra háir og 2-4 metra breiðir. Tóftin var áður skráð árið 2008 og þá var réttilega bent á að hún væri ekki sérlega bæjarleg og veltu höfundar því fyrir sér að hún hafi verið reist eftir að bærinn fór í eyði⁸ og er það líkleg skýring á útliti tóftarinnar. Líkur eru á að bæjarstæðið sé undir þessum tóftum enda virðist hólinn vera aðeins stærri og er manngerður. Fornleifarannsókn gæti leitt í ljós hlutverk og umfang þessara minja.

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III.

⁸ Ásta Hermannsdóttir et al. 2008, bls. 42.



Mynd 3 Nyrðra rýmið í austurenda Blómsturvalla [657], mynd tekin í austur



Mynd 4 Blómsturvellir [657], mynd tekin til suðurs

Girðingastæði - óþekkt [658] hleðsla

Sokkin grjóthleðsla sem er 6,5x2 metra að stærð. Liggur hún norðvestur suðaustur. Hleðslan er mosavaxin og í kring er mikið gras og er hún illgreinanleg. Ekki er ljóst hvert hlutverk hleðslunnar hefur verið en í skráningunni frá 2008 er hún túlkuð sem hestagirðing. Þá hefur hún líklega verið sýnilegri því þar er hún sögð 8 metra löng og að í kring hefi verið talsvert grjótdreif⁹, sem ekki sást til nú.



Mynd 5 Hleðsla [658], mynd tekin til suðausturs



Mynd 6 Hleðsla [658], mynd tekin til austurs

⁹ Ásta Hermannsdóttir, et al. 2008, bls. 45.

Samantekt og niðurstöður

Alls fundust þrjár minjar, allar höfðu þær verið skráðar áður. Á skipulagssvæðinu eru tóftir Blómsturvalla [657] og Hestaþinghóls [656]. Við Hestaþinghól var líklega hestaþing á öldum áður, hóllinn gæti hafa verið notaður fyrir áhorfendur sem fylgdust með hestaötum á eyrinni eða annars staðar þar í kring. Blómsturvellir var bæjarstæði og einnig stekkur, bæði áður en bæjarstæðið byggðist upp í lok 17. aldar og sennilega einnig eftir að bærinn fór í eyði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðsla [658] hafði, en líklega er um að ræða girðingu.

Minjar [657] og [658] eru innan fyrirhugaðra íbúðalóða en ekki innan fyrirhugaðra byggingareita og eru því ekki í mikilli hættu en gæta verður að minjunum þegar að til framkvæmda kemur. Minjar [656] eru ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Ekki er þó víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Unnur Magnúsdóttir (2008). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I: Þorlaksstaðir, Blönduholt, Þúfa, Þúfukot, Eyri, Eyrar-Uppkot, Eyrar-Útkot, Útskálahamar, Kiðafell, Möðruvellir, Írafell, Bær, Meðalfell, Meðalfellskot, Eyjar, Eyjahóll, Flekkudalur neðri, Sandur, Neðri-Háls, Hvammur og Hvammsvík*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir (2011). *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík: Opna.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III.
Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Örnefnalýsing Eyrar og Eyrarkots. Ari Gíslason skráði eftir Hirti Þorsteinssyni og Péttri Magnússyni. Árnastofnun.